

**Námsáætlun fyrir textílmennt - 5. bekkur
skólaárið 2017 – 2018**



Kennari: Birna Petrína Sigurgeirsdóttir

Tímafjöldi: 2 kennslustundir á viku hálf t skólaárið

Námsþættir	Hæfniviðmið	Kennsluhættir/leiðir	Námsmat
Handverk, aðferðir og tækni	<p>-beitt grunnaðferðum og áhöldum greinarinnar</p> <p>-fjallað um efnisfærði og unnið úr fjölbreyttum textílefnum</p> <p>-unnið með einföld snið og uppskriftir</p>	<p>Vélsaumur – endurvinnsluverkefni þar sem nemendur sauma og hanna húfu úr hettupeysu. Íþróttapoki - nemendur sauma íþróttapoka úr bómullarefni.</p> <p>Blóma útsaumsmýnd - nemendur læra útsaumssporin aftursting, lykkjuspor, greinaspor og leggsaum. Saumað er út í hörjava með perlu garni.</p> <p>Tóvinna og slétt prjón - nemendur fá kynningu á tóvinnu og læra slétt prjón.</p>	<p>Frammistaða í tímum er metin.</p> <p>Vinnubrögð og færni er metin í gegnum verklega vinnu.</p> <p>Metin er hæfi til að vinna með ólík textílefni við verkefnagerð.</p>
Sköpun, hönnun og útfærsla	<p>-þróað eigin hugmyndir í textílverk og unnið eftir ferli</p> <p>-notað fjölbreyttar aðferðir við skreytingar</p> <p>-nýtt helstu miðla til að afla upplýsinga um textíla og textílvinnu</p>	<p>Verkefnið húfa úr hettupeysu.</p> <p>Íþróttapoki hannaður og skreyttur út frá eigin hugmyndum.</p> <p>Útsaumsmýnd – nemendur vinna með litaval og skreyta með tölum.</p> <p>Notast er við netmiðla við hugmyndavinnu. Nemendur horfa á mynd af youtube um íslensku ullina og tóvinnu. Bækur um prjón nýttar í prjónaverkefni.</p>	<p>Metin er hugmyndavinna sköpun og útfærsla á eigin hugmyndum við verkefnavinnu.</p>

Menning og umhverfi	-fjallað um íslenskt hráefni í samhengi við sögu og sjálfbærni -gert grein fyrir endurnýtingu og efnisveitum	Nemendur læra um íslensku ullina, helstu eiginleika hennar og þýðingu ullarinnar fyrir íslensku þjóðina í gegnum tíðina Endurvinnsluverkefni úr hettupeysum.	Metin er skilningur nemenda á mismunandi textílefnum. Áhrif textíls á umhverfi okkar og í sögulegu samhengi.
Námsgögn: Bækur, blöð og snið sem tengist textíl, verkefnahugmyndir og fræðslumyndbönd af veraldarvefnum ásamt efniviði og verkfærum í eigu skólans.			
Lokanámsmat: Að ofan er búið að lista upp þau hæfniviðmið sem verður unnið með þetta skólaár. Nemendur fá endurgjöf frá kennara um framgöngu í námi með fjórum hæfnitáknum og safna þannig á hæfnikort sitt.			